

Blakfréttir

Íslandsmótið í blaki er í fullum gangi og nú eru tvær spilahelgar af þremur búnar. Önnur spilahelgin fór fram í Reykjavík, í Laugardalshöllinni og í Fylkishöllinni, dagana 14.-16. janúar.

Á Íslandsmótinu í blaki eru tvö lið frá Birnum skráð til leiks, eitt í 4. deild og annað í 6. deild.

A- lið Birna spilaði fjóra leiki þessi tilteknu helgi. Fyrri keppnisdaginn sigruðu þær Gróttu í oddaleik en töpuðu fyrir Þrótti R e í oddaleik. Seinni keppnisdaginn mættu þær mjög sterkum liðum frá Grundarfirði og Mosfellsbæ og töpuðu þær báðum leikjunum.

Birnur eru staddar næst neðstar í 4. deild með 9 stig. Liðið fyrir ofan þær, UMFL, er með 10 stig. Fallbaráttan er því jöfn og spennandi. Birnur A eiga eftir að spila fimm leiki og einn þeirra er við toppliðið í deildinni. Hinir fjórir eru við liðið fyrir neðan þær og þrjú fyrir ofan. Hörkuleikir og barist verður allt til loka mótsins um sætin í deildinni.

Birnur B eru einnig næst neðstar í sinni deild, þeirri sjöttu, með 6 stig en liðið fyrir ofan þær eru með 10 stig. Birnur B áttu góða leiki þessa aðra keppnishelgi á Íslandsmótinu en þurftu að játa sig sigraða að þessu sinni. Birnur B eiga 4 leiki eftir og verða þær að næla sér í dýrmæt stig í þeim leikjum. Erfiðustu leikirnir eru þó að baki og einungis eftir leikir við liðið fyrir neðan þær og þrjú lið fyrir ofan. Þetta verða því miklir baráttuleikir fyrir sæti í deildinni að ári.

Að lokum má taka fram að fyrir 2-0 sigur fást þrjú stig, fyrir 2-1 sigur fást tvö stig og 1-2 tap fæst eitt stig



Sjónaukinn

4. tbl 32. árg
25.- 31. jan 2017

Útg. Umf. Kormákur
Abm: Hörður Gylfason



Netfang: sjonaukinn@simnet.is Uppl. í síma 8482017



Þorrablót

62. Þorrablót

Umf. Kormáks verður haldið
í Félagsheimilinu Hvammstanga
Laugardaginn 4. febrúar og hefst klukkan
20:00. Húsið opnar klukkan 19:30.

Aðgangseyrir er kr. 7.500.

Maturinn verður í höndum Kræsinga frá Borgarnesi.

Hljómsveitin *Trukkarnir* sjá um dansleikinn.


Miðasala hefst þriðjudaginn 31. janúar kl. 20:00 í aðstöðu
Umf. Kormáks að Höfðabraut 6, efri hæð.

Posi verður á staðnum.

Eftir þriðjudaginn 31. janúar verður hægt að kaupa miða hjá
Hödda í pakkhúsinu.



Tökum kvöldið frá og fjölmönnum á þessa
frábæru skemmtun!
Umf. Kormákur





Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur
samúð og hlýhug vegna
andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður
okkar, tengdaföður og afa,

**Daníels Baldvins Péturssonar,
Eyri Hvammstanga,**

Sérstakar þakkir fær starsfólk gjörgæsludeildar
Landsspítals í Fossvogi og starfsfólk heilbrigðisstofnunar
Vesturlands á Hvammstanga.

Marsibil Sigríður Eðvaldsdóttir
Ársæll Daníelsson Dýrunn Hannesdóttir
Pétur Daníelsson Ágústa Linda Bjarnadóttir
Eðvald Daníelsson Sigurbjörg Berglind Sölvadóttir
Gústav Jakob Daníelsson Guðrún Jóhanna Axelsdóttir
og fjölskyldur.

***Auglýsingar verða að hafa
borist fyrir kl. 21:00 á mánudagskvöldum***

Netfang: sjonaukinn@simnet.is

***Upplýsingar í síma 8482017
Valdimar Gunnlaugsson***

Eldur í Húnaþingi

Fyrsti skipulagsfundur fyrir Eld í Húnaþingi 2017
verður haldin í húsi
Menningarfélags Húnaþing vestra, Eyrarlandi 1.
sunnudaginn 29.jan kl 13:00.

Allir þeir sem eru með hugmyndir
og/eða vilja koma að framkvæmd hátíðarinnar eru
hvattir til að mæta.



Stjórn Menningarfélags
Húnaþings vestra



Blak

Langar þig að koma í blak?
Æfingarnar eru á þriðjudögum frá 20:00 - 21:30 og
á fimmtudögum frá 18:00 - 19:30.

Byrjendur velkomnir.

Æfingagjaldið er 2000 kr. á mánuði
en byrjendur fá 50% afslátt út mars.
Hvetjum bæði konur og karla til að koma
og prufa þessa frábæru íþrótt :)



Hlökkum til að sjá ykkur!





Kormákur-ÍA B
Íslandsmót karla í körfuknattleik 3.deild
Íþrottamiðstöðin Hvammstanga
Laugardaginn 28.janúar kl 13:00

Fyrsti heimaleikur nýs árs verður nú
á laugardaginn 28.janúar 2017.

Skagamenn mæta gulir og glaðir á dúkinn hjá okkur og
eiga Kormáksmenn harma að hefna eftir tap fyrir ÍA á
Akranesi 8.janúar s.l.

Frítt er á leikinn í boði Ingibjargar Pálsdóttur og
meistaraflokks Kormáks í körfubolta

Allir að mæta
Körfuknattleiksdeild Kormáks

Skákmót

Árlegt Þorraskákmót Umf Kormáks
verður haldið sunnudaginn 29. janúar klukkan 16:00
í félagsheimilinu Hvammstanga



Mótsgjald er 500 krónur.
Allir velkomnir



***Foreldrar/forráðamenn iðkenda,
félagsmenn og aðrir velunnarar***

Umf. Kormákur auglýsir eftir
sjálfboðaliðum til að vinna á
þorrablóti félagsins. Áhugasömum er
vinsamlegast bent á að hafa samband
við Jóhönnu Erlu
í síma 866-2912



Tímatafla Kormáks vorönn 2017

Smávægilegar breytingar eru hér gerðar á tímatöflu
vorannar 2017.

Á fimmtudögum skiptum við á tímum í fótbolta stráka í
7.-10. bekk og fótbolta hjá strákum í 4.-6. bekk og
stelpum í 4.-10. bekk,

Eldri strákar byrja núna klukkan 15:00 og eldri stelpur og
yngri strákar byrja klukkan 16:00.

Á föstudögum skiptum við á tímum hjá stelpum í 4.-10.
bekk og strákum í 4.-6. bekk. Stelpurnar byrja klukkan
14:30 og strákarnir 15:30.

Sjá tímatöflu á miðopnu.
Umf Kormákur

	<u>Mánudagur</u>	kl:	<u>Þriðjudagur</u>	kl:	<u>Miðvikudagur</u>	kl:	<u>Fimmtudagur</u>	kl:	<u>Föstudagur</u>
14:30 15:30	<u>Fótbolti 4.-6.kk</u> <u>og 4.-10.kvk</u> <u>Fermingar-fræðsla</u> <u>8.bekkur</u>	14:00 15:00	<u>Íþróttaskóli</u> <u>1.- 4. bekkur</u>	14:30 15:30	<u>Íþróttaskóli</u> <u>1. – 4. bekkur</u>	14:00 15:00	<u>Íþróttaskóli</u> <u>1.- 4. bekkur</u>	14:30- 15:30	<u>Fótbolti</u> <u>4.-10.kvk</u>
15:30 16:30	<u>Frjálsar íþróttir</u> <u>4.-10. bekkur</u> <u>TTT-Kirkjustarf</u> <u>4. – 7. bekkur</u>	15:00- 16:00	<u>Fótbolti 4. – 6.b</u> <u>strákar</u> <u>Sund 1. – 10. b</u>	15:30 16:30	<u>Fótbolti 7.-10.b</u> <u>strákar</u>	15:00 16:00	<u>Fótbolti 7.-10.b</u> <u>strákar</u>	15:30- 16:30	<u>Fótbolti 4.-6.b kk</u> <u>strákar</u> <u>Sund 1. – 10. b</u>
16:30 17:30	<u>Badminton</u> <u>4.-10. bekkur</u>	16:00 17:00	<u>Fótbolti 4.-10.b</u> <u>Stelpur</u> <u>Sund 4. – 10. b</u>	14:15 15:40	<u>Kirkjustarf</u> <u>1. – 4. bekkur</u>	16:00- 17:00	<u>Fótbolti 4.-6.kk</u> <u>og 4.-10.kvk</u>	16:30 17:30	<u>Fótbolti 7.10.b</u> <u>strákar</u>
17:30 18:30	<u>Fótbolti 7.-10.b</u> <u>strákar</u>	17:00 18:30	<u>Hesta</u> <u>fimleikar</u>	15:00 16:45	<u>Órion</u> <u>5. – 7. bekkur</u>	17:00 18:00	<u>Frjálsar íþróttir</u> <u>4. – 10. b.</u>		
		19:00 21:00	<u>Órion</u> <u>8. – 10.</u> <u>bekkur</u>	16:30 17:30 17:30 18:30	<u>Fimleikar</u> <u>1.-4. b.+ 2011 árg</u> <u>Fimleikar</u> <u>5.-10. b.</u>	19:00 21:00	<u>Órion</u> <u>8. – 10.</u> <u>bekkur</u>		
18:30 19:30	<u>Badminton</u> <u>Jiu-jitsu</u>	18:30 20:00	<u>Fótbolti</u>	18:30 20:00	<u>Badminton</u> <u>Jiu-jitsu</u>	18:00 19:30	<u>Blak kvk</u>	17:30 19:00	<u>Körfubolti mfl.kk</u>
19:30 20:30	<u>SRP</u>	20:00 21:30	<u>Blak kvk</u>	20:00 21:30	<u>Körfubolti mfl.kk</u>	19:30 20:30	<u>SRP</u>		
20:00 21:30	<u>Körfubolti mfl.kk</u>					20:30 21:30	<u>Fótbolti</u>		